

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir 56. kirkjuþing 2017)

Flutt af löggjafarnefnd
Frsm. Geir Waage

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundum eða safnaðarfundum árlega. Í nefndinni skulu einungis sitja sóknarmenn úr þeirri sókn sem kys kjörnefnd viðkomandi prestakalls. Sama gildir ef fleiri en ein sókn er í prestakalli.

b. Síðari málsl. 11. mgr. hljóðar svo:

Kjör telst ekki gilt nema kjörnefnd sé fullskipuð á fundi þar sem kosið er til prestsembættis.

2. gr.

10. mgr. 8. gr. hljóðar svo:

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meiri hluta gildra atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu á kjörnefndarfundum. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meiri hluta gildra atkvæða skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Falli atkvæði jafnt, ræður hlutkesti.

Hafni meiri hluti kjörmanna umsækjendum með því að skila auðum kjörseðlum er biskupi ekki heimilt að veita embættið. Skal þá embættið auglýst að nýju, sbr. 3. gr.

3. gr.

Við 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. bætast við orðin „,sbr. þó 3. mgr. 15. gr.“.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða:

4. og 5. málsl. 1. mgr. falla brott.

Ný 3. mgr. orðast svo:

Hafi kjörnefnd prestakalls ekki verið kosin í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skal kosið til hennar að nýju eins fljótt og verða má eftir gildistöku starfsreglna þessara.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Með tillögu þessari er verið að bregðast við athugasemdum sem komið hafa fram á síðustu mánuðum við beitingu starfsreglna um val og veitingu prestembætta. Í því skyni hefir löggjafarnefndin ákveðið að leggja til fáeinar breytingar á núgildandi starfsreglum. Fyrst má nefna að lagt er til að í stað kosningar kjörnefndar til fjögurra ára í senn skuli nú kjósa þær árlega. Ekkert er því til fyrirstöðu að sömu sóknarmenn sitji áfram í kjörnefnd ef þannig skipast. Þá eru tekin af öll tvímæli með skýru ákvæði um að einungis skuli sitja sóknarmenn, sbr. 3. mgr. 49. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, þeirrar sóknar eða sókna sem kjósa í kjörnefnd prestakalls og eru þeir einir kjörgengir í kjörnefnd prestakalls. Þetta þýðir að kjörnefndarmaður getur ekki komið úr sókn annars prestakalls en hann er í og viðkomandi verður að vera skráður í þjóðkirkjuna. Með þessari breytingu liggur fyrir að sömu skilyrði eru til þess að vera kosinn í sóknarnefnd og kjörnefnd. Við lokamálsgrein 7. greinar verði bætt málslið um að kjör teljist ekki gilt nema kjörnefnd sé fullskipuð fundi þar sem kosið er til prestsembættis.

Í 7. grein eru ákvæði sem lúta að þessari niðurstöðu. Meðal annars er tekið fram í 3. mgr. 7. gr. að forfallist kjörnefndarmaður skuli varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörnefndinni. Þá segir enn fremur í 10. mgr. 7. gr. að í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa skuli skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Þykir því rétt að skýrt komi fram í 7. gr. að kjör teljist ekki gilt nema kjörnefnd sé fullskipuð.

Í 2. gr. tillögunnar er lögð til sú breyting á 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna að í stað þess að rita í texta að umsækjandi skuli hljóta meiri hluta greiddra atkvæða komi meiri hluti gildra atkvæða. Þá er og tekið fram að atkvæði skuli meta ógilt ef kjörseðill er auður. Við mat á gildi atkvæðis er miðað við að viðkomandi hafi greitt einhverjum þeirra sem sótt hafa um embætti atkvæði sitt. Af þeim sökum telst autt atkvæði ógilt, þar sem engum hefur verið greitt atkvæði. Nauðsynlegt þykir að kveðið sé skýrt á um þýðingu ógildis atkvæðis svo kjörnefndarmönnum sé algerlega ljóst að auðir og ógildir seðlar hafi ekki þýðingu varðandi það hver niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er. Þessi tillaga að breytingu er í samræmi við almenn kosningalög í landinu frá stofnun lýðveldisins. Þessa sér stað í 100. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, 78. gr. laga um kosningar til sveitastjórna, nr. 5/1998 og 11. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, nr. 91/2010.

Þá þykir löggjafarnefndinni rétt að taka upp hliðstætt ákvæði og var í lögum um veitingu prestakalla nr. 44/1987 en þar sagði að ef meiri hluti kjörnefndarmanna hafnaði umsækjendum, með því að skila auðum kjörseðlum, þá væri biskupi óheimilt að veita embættið að sinni. Því er nauðsynlegt nú að taka fram í greininni að þá skuli embættið auglýst að nýju, sbr. 3. gr. starfsreglnanna.

Í 3. gr. tillögunnar er vísað til heimildar kjörstjórnar til þess að ákveða að kosning verði rafræn en við það verður kosning í eðli sínu ekki leynileg eins og kemur fram í 3. másl. 1. mgr. 13. gr. Leynileg kosning skv. 13. gr. starfsreglnanna er leynileg með svipuðum hætti og almennar kosningar á Íslandi, s.s. til Alþingis, sveitastjórna, kjörs forseta Íslands og við þjóðaratkvæðagreiðslur. Rafrænar kosningar, sbr. 3. mgr. 15. gr. starfsreglnanna geta því aldrei talist vera leynilegar kosningar. Þar af leiðandi þarf að gera þá breytingu sem lagt er til svo samræmi verði milli þessara greina starfsreglnanna.

Vegna tillögu um breytingu á 1. mgr. 7. gr. starfsreglnanna er nauðsynlegt að leggja til þær breytingar sem koma fram á ákvæði til bráðabirgða í starfsreglunum svo samræmis sé gætt.